

Á þessum svæðum skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar, þegar slíkar veiðar eru leyfðar og ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða norður af Kögri.

## 3. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða viðurlög refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 4. gr.

Reglugerð þesi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. júlí 1982 og birtist til eftirbreiðni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 229 30. apríl 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júní 1982.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 190,00 frá 25. júní 1982 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

*Viðskiptaráðuneytið, 23. júní 1982.*

**F. h. r.**

**Þórhallur Ásgeirsson.**

*Yngvi Ólafsson.*